



**LÖG
FULLTRÚARÁÐS SJÁLFSTÆÐISFÉLAGANNA Í KÓPAVOGI**

1.Gr.

Sjálfstæðisfélögin í Kópavogi , sem eru viðurkennd af Miðstjórn Sjálfstæðisfloksins, sem flokksfélög , mynda með sér “ Fulltrúaráð Sjálfstæðisfélaganna í Kópavogi ”. Starfssvæði Fulltrúaráðins er lögsagnarumdæmi Kópavogskaupstaðar .

Félögin eru þessi :

Sjálfstæðisfélag Kópavogs .
 Sjálfstæðiskvennafélagið Edda .
 Týr , félag ungra Sjálfstæðismanna .
 Baldur , málfundafélag launþega .

2.Gr.

Verkefni Fulltrúaráðsins er eftirfarandi :

- A. Að annast stjórн á starfsemi Sjálfstæðisfloksins í Kópavogi .
- B. Að fara með sameiginleg mál flokksfélaganna .
- C. Að ákveða skipun framboðslista Sjálfstæðisfloksins í bæjarstjórarkosningum í Kópavogi .
- D. Að ákveða stefnu Sjálfstæðisfloksins í bæjarmálum í Kópavogi , en með framkvæmd hennar fer bæjarmálaufokkur sem skipaður er :
 - 1. Þeim sem skipuðu aðalsæti á framboðslista Sjálfstæðisfloksins við síðustu bæjarstjórarkosningar .
 - 2. Stjórн Fulltrúaráðsins .
 - 3. Ritstjóri Voga .
 - 4. Endurskoðanda floksins við bæjarreikninga .

3.Gr.

Í Fulltrúaráðinu eiga sæti :

- A. Fulltrúar , sem kosnir eru í ráðið af flokksfélögum , samkvæmt skipulagsreglum Sjálfstæðisfloksins. Skulu þeir vera fæst 40 og flest 180 .
- B. Formenn flokksfélaganna .
- C. Aðal- og varabæjarfulltrúar.
- D. Fjármálanefnd .

4.Gr.

Aðildafélögin kjósa fulltrúa í ráðið samkvæmt ákvörðun stjórnar fulltrúaráðsins um skiptingu milli félaganna .

Skylt er stjórnnum félaganna að tilkynna stjórн Fulltrúaráðsins um tölu félaga fyrir 1. október ár hvert , A-skrá yfir þá sem greitt hafa félagsgjöld og B-skrá yfir þá sem ekki hafa greitt félagsgjald . Ákveður stjórnin þá skiptingu fulltrúanna á milli þeirra í samræmi við það fyrir næsta starfsár .

Fulltrúaráðið skal kosið árlega og skulu félögin hafa kosið fulltrúa sína fyrir aðalfund Fulltrúaráðsins er haldin skal innan tveggja mánaða frá því að félögin hafa haldið aðalfundi sína , þó ekki síðar en fyrir febrúarllok árið eftir starfsár félaganna . Gildir umboð Fulltrúaráðsmanna frá og með aðalfundi Fulltrúaráðsins til næsta aðalfundar .

5.Gr.

Starf fulltrúanna er fólgjóð í því :

- A. Að vinna í hvívetna að sigri Sjálfstæðisfloksins og útbreiða stefnu hans .
- B. Að afla upplýsinga um flokksafstöðu kjósenda í Kópavogi .
- C. Að fylgjast með bústaðaskiptum kjósenda .
- D. Að sjá um , að kjósendur floksins greiði atkvæði í öllum almennum kosningum .
- E. Að vinna að sem bestu samstarfi Sjálfstæðisfélagana í Kópavogi og auka félagatölu þeirra .
- F. Að vinna önnur þau störf , er stjórn Fulltrúaráðsins leggur fyrir þá .

6.Gr.

Stjórn Fulltrúaráðsins skipa :

- A. Formenn flokksfélaganna , en í forföllum þeirra varaformenn .
- B. Formaður Fjármálanefndar.
- C. Sex fulltrúar kosnar til eins árs á aðalfundi Fulltrúaráðsins , þá skal einnig kjósa fimm varamenn . Kosningu skal haga þannig, að fyrst skal kjósa sérstaklega formann stjórnar Fulltrúaráðsins og síðan hina fimm stjórnarmennina og loks fimm til vara . Stjórnin skiptir með sér verkum að örðru leyti .

7.Gr.

Stjórn Fulltrúaráðsins hefur með höndum :

- A. Málefni Fulltrúaráðsins milli funda .
- B. Sameiginleg fjármál flokksfélaganna og Fulltrúaráðsins og umsjá eigna þeirra .
- C. Rekstur skrifstofu floksins í Kópavogi og útgáfustarfsemi á vegum hans .
- D. Ráðningu starfsfólks .
- E. Skipun formanns og nefndarmanna í Fjármálanefnd sem annast fjároflun fyrir flokkinn í Kópavogi .
- F. Skipun ritstjóra Voga .
- G. Skipun einstaklinga og nefnda til starfa að öðrum verkefnum en talin hafa verið.
- H. Ákvörðun fjölda fulltrúa frá flokksfélögnum í Fulltrúaráðið .

8.Gr.

Stjórn Fulltrúaráðsins heldur fundi í ráðinu eins oft og þursa þykir . Fjórðungur fulltrúa eða fleiri geta krafist fundar . Ef stjórnin verður ekki við þeirri kröfu innan viku frá því að hún barst formanni , geta þeir kallað saman fund .

9.Gr.

Verkefni Fulltrúaráðsfunda er að ræða þau mál , sem varða Fulltrúaráðið , svo og önnur þau mál , sem stjórn eða einstakir fulltrúar leggja fyrir fundina .

10.Gr.

Þegar kosningar til bæjarstjórnar standa fyrir dyrum í Kópavogi , skal sérstök kjörnefnd starfa innan Fulltrúaráðsins . Skal hún gera tillögur um frambjóðendur fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Kópavogi og leggja þær fyrir Fulltrúaráðsfund .

Í Kjörnefnd eiga sæti:

- A. Formaður fulltrúaráðsins , sem jafnframt er formaður nefndarinnar.
- B. Skipaðir nefndarmenn af stjórnnum flokksfélaganna , einn fyrir hvert félag og jafnmargir til vara .
- C. Fjórir nefndarmenn kjörnir af Fulltrúaráðinu og jafnmargir til vara . Formaður Fulltrúaráðsins kallar nefndina saman í fyrsta skipti .

11.Gr.

Störf fulltrúa og Fulltrúaráðs er algert trúnaðarmál og skal liggja við drengskapur fulltrúanna að halda öllu leyndu , er þar fer fram og annað er varðar Fulltrúaráðið og flokksfélögini eða starfsemi þeirra , og eigi er ætlast til að vitnist til annarra . Brjóti fulltrúi þessa þagnarskyldu skal vikja honum úr ráðinu . Brjóti fulltrúi að öðru leyti reglugerð þessa verulega , að álti stjórnar ráðsins , skal fara að á sama hátt og framkvæmir stjórn ráðsins brottvikninguna .

12.Gr.

Aðalfund Fulltrúaráðsins skal halda árlega , eins fljótt og við verður komið , eftir að aðalfundir flokksfélaganna hafa verið haldnir .

Á aðalfundi Fulltrúaráðsins skal tekið fyrir :

- A. Skýrsla fráfarandi stjórnar .
- B. Stjórnarkjör samkvæmt C. lið 6.Gr.
- C. Kjör átján fulltrúa í kjördæmisráð og átján til vara .
- D. Kjör þriggja fulltrúa í stjórn Þorra hf. Skulu þeir gæta hagsmunu flokksins varðandi eignir og rekstur húseigna flokksins og Þorra hf.
- E. Önnur mál .

13.Gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og þarf 2/3 hluta atkvæða allra fundarmanna til að breytingin nái fram að ganga .

14.Gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi .

Ofangreind lög voru með breytingum samþykkt á aðalfundi í nóvember 1975. Þeim var breytt á aðalfundi 1991 með samþykkt þar . Og enn var þeim breytt á aðalfundi 12.10.1995. Eru þau hér í gildandi mynd 26.8.1996.

12. liður C er ekki í samræmi við lög Kjördæmisráðs frá 1982 þar sem kjósa skal einn fulltrúa í Kjördæmisráð fyrir hverja 10 fulltrúa í Fulltrúaráði eða brot úr þeirri tölum .

Ofangreind lög voru með breytingum samþykkt á aðalfundi í mars 2004 og eru í fullu samræmi við lög Kjördæmisráðs frá 23 október 2001.

Því er við að bæta , að stjórnin hefur látið eftirtalda skiptingu gilda fyrir val fulltrúa í ráðið um margra ára skeið .

Sjálfstæðisfélag Kópavogs	62 fulltrúa
Edda	17 fulltrúa
Baldur	4 fulltrúa
Týr	25 fulltrúa

Á stjórnarfundi 8-11-2005 var eftirtalin breyting gerð á skiptingu fulltrúa.
Sjálfstæðisfélag Kópavogs 134 fulltrúa
Edda 17 fulltrúa
Týr 25 fulltrúa
Baldur 4 fulltrúa

4 formenn félagana
10 aðal- og varabæjarfulltrúar